

Hér með gera Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit með sér eftirfarandi

SAMSTARFSSAMNING UM BRUNAVARNIR OG ELDVARNAEFTIRLIT

1. gr.

Undirrituð sveitarfélög, sem standa að samstarfi um rekstur slökkvistöðvar á grundvelli laga um brunavarnir nr. 75/2000, eru sammála um að koma á sem fullkornustum brunavörnum á samningssvæðinu. Í því skyni reka sveitarfélögin Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar sameiginlega og búa það nauðsynlegum tækjakosti. Unnið skal að því að fólk kunni sem best skil á því hver viðbrögð séu vænlegust til bjargar ef eldsvoða ber að höndum.

Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar skal sinna útköllum og bregðast við mengunarslysum í aðildarsveitarfélögum samnings þessa.

2. gr.

Slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar er slökkviliðsstjóri í báðum aðildarsveitarfélögum, auk þess sem hann skal, fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna, annast og bera ábyrgð á eldvarnaefirliti í aðildarsveitarfélögunum skv. almennum reglum sem um það gilda.

3. gr.

Akraneskaupstaður annast daglegan rekstur og stjórn slökkviliðsins þ.m.t. gerð fjárhagsáætlunar hvers árs, ráðningu slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna. Bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar annast bókhald og greiðslur vegna reksturs slökkviliðsins. Fyrir byrjun hvers almanaksárs skal semja fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og reikna út skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaganna. Hvalfjarðarsveit skal greiða framlög sín ársfjórðunglega fyrirfram. Endanlegt uppgjör á skiptingu kostnaðar fer fram þegar ársreikningar bæjarsjóðs liggja fyrir.

4. gr.

Árlegum kostnaði við rekstur og gjaldfærða fjárfestingu slökkviliðsins og brunavarnir skal skipta á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við brunabótamat fasteigna í hvoru sveitarfélagi, að undanteknum fasteignum í eigu Norðuráls hf. á lóð félagsins við Grundartanga.

Miða skal við brunabótamat 31. desember ár hvert og kostnaðarskipting vera samkvæmt því hlutfalli næsta almanaksár á eftir.

5. gr.

Slökkvibúnaður í eigu Hvalfjarðarsveitar skal vera í umsjá og til afnota fyrir Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar, en viðhald búnaðarins fellur undir almennan rekstrarkostnað slökkviliðsins í samræmi við eign sveitarfélagsins, en hluti búnaðarins er sameign þess og annarra aðila.

6. gr.

Komi til kaupa á viðbótarbúnaði eða endurnýjun stærri og kostnaðarsamari búnaðar slökkviliðsins skulu aðilar samnings þessa hafa samráð sín á milli varðandi kostnaðarskiptingu ef vikja á frá skiptingu samkvæmt brunabótamati skv. 4. gr.

KWZ
AW

7. gr.

Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar annast útköll og eldvarnaeftirlit á iðnaðarsvæði Norðuráls hf. við Grundartanga. Vegna þessarar þjónustu greiðir Hvalfjarðarsveit Akraneskaupstað mánaðarlegt gjald, sem ákveðst kr. 92.283 auk virðisaukaskatts. Reikninga vegna þessa skal Akraneskaupstaður senda Hvalfjarðarsveit ársfjórðungslega. Gjald þetta tekur breytingum miðað við breytingar á byggingarvísitölu. Grunnvísitala samnings þessa er byggingarvísitala fyrir desember 2005, sem er 316,6 stig.

Komi til útkalls Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar á iðnaðarsvæði Norðuráls hf. við Grundartanga greiðir Hvalfjarðarsveit gjald fyrir hvern slökkviliðsmann og slökkviliðsstjóra, sem fer á vettvang og fyrir hverja slökkvibifreið eða tæki sem notað er á vettvangi. Lágmarkstími vegna slökkviliðsmanna og slökkviliðsstjóra, sem fer á vettvang, er í hverju útkalli 5 klst. og 20 mín. Lágmarkstími fyrir hverja slökkvibifreið eða tæki sem notað er á vettvangi er 4 klst. Gera skal reikninga vegna þessa ákvæðis eftir því sem kostnaður fellur til. Um einingaverð og gjöld skv. þessu ákvæði vísast að öðru leyti til gjaldskrár slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar eins og hún er á hverjum tíma, enda skal gjaldskráin borin undir sveitarstjórnirnar til samþykktar.

8. gr.

Komi sú staða upp að Akraneskaupstaður eða Hvalfjarðarsveit segi samningi þessum upp og hyggi ekki á frekara samstarf í brunamálum, skal Akraneskaupstaður leysa til sín tæki í sameign, sbr. 9. gr. samnings aðila frá 11. febrúar 2000 og þau tæki sem keypt hafa verið í sameign síðan þá. Tæki þessi skal innleysa á matsvirði óháðra aðila, sem aðilar samningsins koma sér saman um að tilnefna. Við mat á eignum skal miða við aldur þeirra, ástand og ætlað söluverð.

9. gr.

Sveitarfélögin eru sammála um að vinna að auknu samstarfi við atvinnurekendur, sérstaklega stærri fyrirtæki svo sem rekstraraðila á iðnaðarsvæðinu við Grundartanga og við hafnarsvæði í sveitarfélögunum, með það í huga að búa sem best að brunavörnum alls staðar í sveitarfélögunum.

10. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2008 og er ótímabundinn.

Hvor samningsaðili um sig getur skriflega óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa með 6 mánaða fyrirvara, eða sagt honum skriflega upp með 12 mánaða fyrirvara og skal uppsögn þá miðast við áramót.

Réttindi og skyldur aðila samkvæmt eldri samningi frá 12. maí 2006 skulu haldast óbreytt fram að gildistöku þessa samnings, en eldri samningur fellur niður við gildistöku þessa samnings, án frekari aðgerða af hálfu aðila.

Akranesi, 20. desember 2007,

F.h. Akraneskaupstaðar:

Kæra Jónsdóttir
Gunnarsson
Svein Páll

F.h. Hvalfjarðarsveitar:

Einar E. Einarsson
Hvalfjarðarsveit

Viljayfirlýsing.


Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit hafa komist að samkomulagi um nýjan samstarfssamning um brunavarnir og eldvarnareftirlit sem undirritaður er 20. desember 2007 og tekur gildi frá og með 1. janúar 2008.


Samhliða undiritun þessa samstarfssamningi hafa aðilar komið sér saman um að skoða nánar möguleika á kaupum á nýrri slökkvibifreið að gerðinni Ford F 450 One-Seven 2400 með nauðsynlegum búnaði.


Á grundvelli 9 gr. Samstarfssamnings um brunavarnir og eldvarnareftirlit verði skoðað sérstaklega aukið samstarf við atvinnurekendur stærri fyrirtækja um aðkomu að fjárfestingu bifreiðarinnar og nauðsynlegs búnaðar.

Bæjarstjóra Akraneskaupstaðar, sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar og slökkviliðsstjóra er fallið að vinna nánar að ofangreindu verkefni og er stefnt að því að niðurstaða þess verði kynnt sveitarfélögunum eigi síðar en 1. júní 2008 til endanlegrar umfjöllunar og afgreiðslu á ofangreindri fjárfestingu.

Akranesi 20. desember 2007.


Bæjarstjóri Akranesi


Sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar



JPP/-
Skj561/Ak.43517